

L Ö G

21

14. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1953 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

22

16. febr.

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvisir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.